

Æskulýðs- og íþróttanefnd
27. fundur þann 25. febrúar 2008

Mættir Katrín Pálsdóttir, Margrét Ísleifsdóttir, María Kúld Heimisdóttir, Rafn J. Rafnsson, Ingi B. Ingason, Mattías Arnar Þorgrímsson

1. Skýrslur forstöðumanna.

Sundlaug, byrjað á þessu ári að laga neyðarlýsingu, þyrfti að bæta við kösturum í stúku. Beðið er eftir tilboði í brunavarnarkerfi sem er ekki til staðar, væntanlegt frá Skipavík. Húsið búið að vera á undanþágu í 17 ár. Búið að teikna útklefa og gufubað, útklefar koma á þessu ári, gufubað kemur vonandi á næsta ári.

Keypt hafa verið leiktæki í sundlaug. Búið er að laga leka á þaki íþróttasalar, menn koma að sunnan til að laga dúk á þaki þreksalar. Búið er að yfirfara mótor og dælur í sundlaug.

Nýta þyrfti húsið meira t.d. undir sýningar og fl. Þyrfti að gera ráð fyrir fjármagni til að geta græjað húsið í það.

Ljós í sundlaug, Elvar fann ljós sem Á Óskarsson er með umboð fyrir og er málið í vinnslu. Búið er að skipta um ljós í sundlaugarklefum.

Enn eru klefagæslumál ekki í nógu góðum farvegi, það þyrfti að ráða mann í fullt starf, leggjum áherslu á að þessu máli sé sinnt.

Fyrirspurn kom fram um vigtar í sundlaugarklefum, notkun er ekki leyfð á þeim á skólatíma.

Félagsmiðstöðin, Miklar breytingar, allt húsið málað, ný ljós, diskó og venjuleg. Keypt hefur verið hljóðkerfi í litla salinn svo það er hljóðkerfi um allt hús, reykvélar komnar og ný sviðstjöld á leiðinni. Spilasalurinn orðinn “alvöru”, með tilheyrandi ljósum og hljóðkerfi.

Breytt X-ráð þau eru orðin tíu, gera dagskrá fyrir alla daga og eða vikur í samráði við Maríu og Matta. Fundur vikulega með ráðinu og farið yfir málin.

Fyrir jól var konfektgerð, piparkökubakstur, jólaböll, farið ball í Grundarfjörð. Æskulýðsball í Borgarnesi, Söngvakeppni í Ólafsvík. Samfélballið og söngvakeppnin er svo 7. mars ekki er búið að ákveða hvort farið verður á söngvakeppnina. Byrjað er að undirbúa spurningakeppnina Skarphéðinn, svo verður farið í stuttmyndasamkeppni. Í næstu viku kemur kona úr Grundarfirði sem verðu með jóga og slökun fyrir alla sem vilja.

Önnur mál.

Ungmennaráð, Erla bæjarstjóri og Katrín héldu fund með ungmennaráði, áhugi var á kaffihúsakvöldum þar sem fram á að fara fjármálafræðsla, kynning á atvinnulífínu, spilamennska og fl. Einnig er áhugi á matarklúbbi.

Bréf barst frá bæjarráði Stykkishólmsbæjar um samstarf bæjarfélaganna á Nesinu um listasmiðju barna að frumkvæði Lista og menningarnefndar Snæfellsbæjar, sem verður í endann á apríl fyrir börn frá 6 til 12 ára. Verður haldið í tengslum við viðburðarviku Vesturlands. Sveitarfélögin munu leggja til húsnaði og aðstöðu á meðan listasmiðjur standa yfir. Styrkur er kominn frá menningarráði Vesturlands kr. 350.000,-

Æskulýðs og íþróttanefnd hefur ákveðið að fara á fund með þeim aðilum sem að þessu máli koma.

Fundi slitið

Sign
Katrín Pálsdóttir
Margrét Ísleifsdóttir

Sign
Katrín Pálsdóttir
Margrét Ísleifsdóttir